

Krabbameinslyfjameðferð á töfluformi



Anna Kristín B. Jóhannesdóttir
Hjúkrunarfræðingur MSc
Lyfjarannsókn Blóðskimun til bjargar
Háskóli Íslands



iStopMM


Iceland Screens,
Treats or Prevents
Multiple Myeloma

Mergæxli

1. Notkun krabbameinslyfja í töfluformi
2. Ráð til sjúklinga og aðstandenda
3. Lenalidomid (Revlimid)
4. Helstu aukaverkanir
5. Mikilvægt að hafa samband



Lyfjarannsókn Blóðskimun til bjargar



iStopMM

Iceland Screens,
Treats or Prevents
Multiple Myeloma

Staða rannsóknarinnar

- Hófst í ágúst 2019
- 53 sjúklingar hafa hafið meðferð af 80
 - KRÐ; hááhættu SMM og MM
 - RD; miðlungs áhættu SMM
- 9 sjúklingar lokið meðferð
- Beinmergssýni 3-6-12-24 mánuði
- Lífssýnasafnið
- Lífsgæðarannsókn

Notkun krabbameinslyfja á töfluformi

Krabbameinslyf í töfluformi eru notuð við mörgum tegundum af krabbameinum. Þau eru ýmist notuð ein og sér eða með öðrum krabbameinslyfjum sem eru til dæmis gefin í æð.

Þegar lyfjameðferð við krabbameini er gefin í töfluformi er mikilvægt að taka lyfin inn á réttan hátt, á réttum tíma og í réttum skömmtum.

Meðfylgjandi ráð eru til þess að tryggja öryggi bæði sjúklinga og þeirra nánustu.



iStopMM

Iceland Screens,
Treats or Prevents
Multiple Myeloma

Ráð til sjúklinga og aðstandenda þegar lyfjameðferð er gefin í töfluformi

- Taktu lyfin á sama tíma á hverjum degi.
 - Til þess að muna og hafa yfirsýn yfir lyfjainntöku er gott að skrá á hverjum degi á dagatal hvenær lyfið er tekið inn.
- Töflum/hylkjum á að kyngja í heilu lagi.
 - Ekki má mylja, brjóta eða tyggja töflurnar/hylkin.
- Þvoðu þér um hendurnar áður og eftir að þú hefur handleikið töflurnar.
- Ef þú gleymir að taka inn lyfin, ekki taka tvöfaldan skammt næst.
 - Hafðu samband og fáðu upplýsingar hjá lækni/hjúkrunarfræðingi um hvað þú átt að gera
- Ef þú kastar upp stuttu eftir lyfjatöku, hafðu samband við lækni/hjúkrunarfræðing.



iStopMM

Iceland Screens,
Treats or Prevents
Multiple Myeloma

Lenalidomid (Revlimid)

- Lyfið er í hylkjum sem tekin eru með vatni, með eða án matar.
- Lyfið er tekið einu sinni á dag í ákveðinn dagafjölda.
- Ef þú missir af skammti, taktu þá lyfin eins fljótt og auðið er þann dag.
 - Ef liðnar eru 12 klukkustundir frá því að þú gleymdir að taka lyfin skal sleppa þeim degi og taka hefðbundinn skammt næsta dag. Ekki taka tvöfaldan skammt.
- Stundum þarf að aðlaga skammta vegna niðurstöðu úr blóðprufu.



iStopMM

Iceland Screens,
Treats or Prevents
Multiple Myeloma

Aukaverkanir

- Lesa fylgiseðilinn
- Halda dagbók og skrá aukaverkanir og einkenni
- Ef aukaverkanir/einkenni koma í veg fyrir að þú getir tekið inn lyfin þá skal hafa samband við lækni/hjúkrunarfræðing.
- Alvarlegar aukaverkanir ber að tilkynna til lyfjastofnunar.



iStopMM

Iceland Screens,
Treats or Prevents
Multiple Myeloma

Aukaverkanir af Lenalidomid (Revlimid)

- Fækkun á hvítum blóðkornum sem getur fylgt hætta á sýkingum
- Fækkun á rauðum blóðkornum/blóðleysi sem getur valdið þreytu og mæði og stundum er þörf á blóðgjöf
- Fækkun á blóðflögum sem getur valdið hættu á blæðingu eins og nefblæðingu
- Hætta er á blóðtappa eða bláæðasega sem getur lýst sér með bjúg og bólgu á útlimum og mæði. Stundum er mælt með fyrirbyggjandi blóðþynnandi meðferð

Aukaverkanir af Lenalidomid (Revlimid)

- Niðurgangur eða hægðatregða
- Kviðverkir
- Náladofi
- Húðþurrkur, útbrot og kláði
- Þreyta og þróttleysi
- Vöðvaverkir, vöðvakippir og máttleysi
- Ógleði og minnkuð matarlyst



Geymsla og frágangur Lenalidomid

- Geyma skal hylkin þar sem börn ná ekki til.
- Hylkin á að geyma í fjarlægð frá hita, beinu sólarljósi og röku umhverfi sem gæti haft áhrif á virkni þeirra.
- Hafðu lyfið í upprunalegum umbúðum eins lengi og hægt er, ef hylkin eru sett í lyfjabox, á ekki blanda þeim saman við aðrar tegundir af töflum
- Skilaðu lyfjum sem þú ert hættur að nota eða eru útrunnin í apótekið. Ekki henda lyfjum í ruslið eða sturta þeim niður í klósettið.



Mikilvægt að hafa samband við Landspítala þegar...

Ef þú færð hita ($\geq 38^{\circ}\text{C}$) eða hroll, andþyngsli eða mæði, særindi í munni, hálsi eða við þvaglát getur það verið merki um sýkingu og þá þarf að hafa samband strax við deildina þína eða bráðamóttöku. Einnig er mikilvægt að hafa samband ef þú ert með:

- Niðurgang oftari en 4-6 sinnum á sólarhring
- Svartar hægðir eða blóð í þvagi
- Óvenjulega marbletti, punktblæðingar eða blæðingar
- Bjúg, mæði eða skyndilega verki



iStopMM

Iceland Screens,
Treats or Prevents
Multiple Myeloma



UNIVERSITY OF ICELAND



**Karolinska
Institutet**



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



iStopMM

Iceland Screens,
Treats or Prevents
Multiple Myeloma